



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 28. apríl 2023  
2304047 JKH

09.22

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Efni: Sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar-beiðni um umsögn.

Á fundi Framkvæmda- og skipulagsráðs Suðurnesjabæjar þann 27. apríl var lögð fram til umsagnar greinargerð vegna fyrirspurnar um matsskyldu vegna fyrirhugaðs sprengjueyðingarsvæðis Landhelgisgæslunnar.

Eftirfarandi er afgreiðsla ráðsins á erindinu:

**Ráðið telur að í skýrslu Verkís vegna fyrirspurnar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar sé gerð nægjanleg grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáhrifum og vöktun og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent er á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Suðurnesjabæjar.**

Afgreiðsla Framkvæmda- og skipulagsráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

---

Jón Ben Einarsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
107 Reykjavík

Reykjanesbæ 30. mars 2023

**Efni: Umsögn um fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. 2. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar.

Í lið 3.1 um staðhætti kemur fram að frárennislögn ISAVIA er næst í um 250 m fjarlægð frá sprengisvæðinu. Þá kemur fram í lið 4.2 að starfsemin ætti ekki að hafa áhrif á veitur á svæðinu, þ.e. frárennislögnina og fyrirhugaða Suðurnesjalínu 2.

Frárennislögnin er úr forsteyptum rörum og flytur allt skolp og fráveitu frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, flugvélum, hóteli og öðrum byggingum innan svæðis ISAVIA að skolphreinsistöð í Djúpuvík. Verði rof á frárennislögninni er á hætta á töluverðri mengun.

Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir matsgerð á því hvort frárennislögnin geti orðið fyrir hnjaski við sprengjueyðingu í grennd við lögnina.

Ekki liggur fyrir skilgreining í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um sprengjueyðingarsvæði, þó þykir ljóst að um mengandi starfsemi er að ræða sem krefst reglubundins eftirlits og fellur því undir lið 120. Önnur sambærileg starfsemi, í viðauka IV úr fyrrnefndum lögum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja telur nægilega gert grein fyrir öðrum þáttum sem embættið tekur sérstaklega til skoðunar og gerir ekki frekari athugasemdir við matsskyldufyrirspurnina.

Virðingarfyllt,



J. Trausti Jónsson,  
heilbrigðisfulltrúi.



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið  
Suðurgata 39 101 Reykjavík  
(354) 570 13 00  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 30. mars 2023  
MÍ202303-0138/ 6.07 / K.M.

## Efni: Sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar.

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 2. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
kristinn@minjastofnun.is

Landhelgisgæsla Íslands starfrækir sprengjusveit sem sinnir m.a. því lögbundna hlutverki að gera óvirkar og eyða sprengjum sem finnast á landi eða í hafi. Landhelgisgæslan vinnur að hönnun nýs sprengjueyðingarsvæðis vestan Keflavíkurflugvallar. Landið sem um ræðir er í eigu íslenska ríkisins. Gróður er fábreyttur og mest ber á melum og moldarflákum með klapparholtum á milli. Engin mannvirki eða vegir eru innan 1 km viðmiðunarmarka ef frá eru talin mannvirki innan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar og frárennislögn frá flugstöðvarsvæðinu. Framkvæmdin felur í sér afmörkun um tveggja ha svæðis vestan Keflavíkurflugvallar og lands undir aðkomuveg. Staðsetning svæðisins er sýnd á myndum 2.1 og 3.1 í kynningarskýrslu.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.5 í kynningarskýrslu. Þar segir að innan framkvæmdasvæðis séu engar friðaðar eða friðlýstar fornleifar eða hús samkvæmt kortasjá Minjastofnunar Íslands. Norðaustur af sprengjueyðingarsvæðinu séu skráðar stríðsminjar. Minjarnar séu í um 300 m fjarlægð frá sprengjueyðingarsvæðinu. Staðsetning minjanna er sýnd á mynd 2.1 í skýrslunni.


Vakin er athygli á að minjavefsjá Minjastofnunar sem vitnað er til í skýrslunni er ekki tæmandi yfirlit um fornleifar og mannvirki á Íslandi sem njóta verndar skv. lögum um menningarminjar (Nr. 80/2012). Fyrir liggur skýrsla fyrirtækisins Antikva ehf frá 2014, *Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Keflavíkurflugvelli*. Engar fornleifar eru skráðar þar sem sprengjueyðingarsvæðið og aðkoma að því verða staðsett. Árið 2019 gaf Antikva út aðra skýrslu, *Skráning stríðsminja á Suðurnesjum*.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Eins og fram kemur í kynningarskýrslunni eru einar stríðsminjar skráðar í um 300 m fjarlægð frá sprengjueyðingarsvæðinu.

Minjastofnun Íslands telur að minjum stafi ekki hætta af staðsetningu sprengjueyðingarsvæðisins og aðkomu að því. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Sent í tölvupósti:

Jón Smári Jónsson ([jon.smari.jonsson@skipulag.is](mailto:jon.smari.jonsson@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. mars 2023  
Málsnúmer: 202303-0006  
SS

## Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við sprengjueyðingarsvæði vestan Keflavíkurflugvallar.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 2. mars 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Landhelgisgæslunnar á nýju sprengjueyðingarsvæði vestan Keflavíkurflugvallar sé matsskyld eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með framkvæmdinni og telur umhverfisáhrif hennar ekki vera það umfangsmikil að þörf sé á mati á umhverfisáhrifum. Auk þess er umfjöllun um umhverfisáhrif í greinargerð fremur ítarleg. Náttúrufræðistofnun vill þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Áhrifin sem helst þarf að huga að mati Náttúrufræðistofnunar eru á fuglalíf og þá einkum vegna hávaða og mögulegri hættu á efnamengun. Framkvæmdasvæðið er eins og fram kemur innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis sem er Rosmhvalanes þar sem lengi hefur verið langstærsta sílamáfsvarp landsins. Mikil fækkun hefur verið í varpinu frá því talningar hófust og auk þess er þungamiðja þess á norður Miðnesheiði en ekki nálægt framkvæmdasvæðinu þar sem nýlegar athuganir sýna að ekkert varp sé að ráði (Sunna Björk Ragnarsdóttir og Sölvi Rúnar Vignisson, 2018). Umferð sílamáfa um flugvallarsvæðið er engu að síður töluverð enda mikilvægar fæðuöflunarstöðvar á strand- og hafsvæðum allt um kring.

Í athugun á fuglalífi Keflavíkurflugvallar sem Náttúrustofa Suðvesturlands vann 2018-19 sést að mófuglar eru til staðar í næsta nágrenni vallarins þ.m.t. nálægt áætluðu sprengjueyðingarsvæði. Þar má nefna rjúpu, spóa, steindepil, snjótittling og þúfutittling. Sérstaklega eru spörfuglategundirnar nokkuð algengar (Sölvi Rúnar Vignisson o.fl. 2019).

Hávaði vegna sprenginga veldur eðlilega truflun fyrir fuglalíf. Þar er varptíminn viðkvæmasti tíminn og tegundirnar sem eru líklegastar til að dvelja nálægt sprengjueyðingarsvæðinu eru þar á varptíma þ.e. mófuglategundir. Náttúrufræðistofnun leggur því til að reynt sé að forðast óþarfa sprengingar á hámarki varptímans (maí-júlí) ef hægt er.

Mikilvægt er að fylgst sé með hvort mengunarefni frá sprengjueyðingarsvæðinu séu að berast í grunnvatn því svæðið er viðkvæmt fyrir grunnvatnsmengun þótt athuganir benda til að umtalsverð þynning verði með aukinni fjarlægð frá svæðinu.

Ágætlega er gert grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum og Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þá niðurstöðu að framkvæmdin sé líkleg til að hafa óveruleg áhrif í för með sér, vegna eðli svæðisins og nálægðar við Keflavíkurflugvöll með tilheyrandi raski, mengun og truflunum sem þar er að finna. Staðsetningin verður því að teljast heppileg fyrir þetta sértæka hlutverk.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

**Heimildir:**

Sunna Björk Ragnarsdóttir og Sölvi Rúnar Vignisson. 2018. Varpstofn sílamáfa á Miðnesheiði 2018. Náttúrustofa Suðvesturlands og Þekkingarsetur Suðurnesja.

Sölvi Rúnar Vignisson og Sunna Björk Ragnarsdóttir. 2019. Úttekt á fuglalífi Keflavíkurflugvallar 2019-2019. Unnið fyrir Isavia ohf. Þekkingarsetur Suðurneska og Náttúrustofa Suðvesturlands.





Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2023  
UST202303-019/H.E.  
10.05.00

### **Efni: Beiðni um umsögn - Sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. mars sl. með áminningu dags. 21. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og framkvæmdaleyfi skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest í apríl 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun eiga öll vatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum og ástand þeirra má ekki rýrna. Gerist slíkt þarf að setja fram aðgerðir til að draga úr álagi á vatnshlotið með það að markmiði að bæta ástandið. Vatnshlotið sem um ræðir eru grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 nr. 104-115-2-G. Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála eiga grunnvatnshlot að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Gæðapættir sem vakta á eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011. Þeir gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand grunnvatnshlota eru breytingar á hæð grunnvatnsyfirborðs (magnstaða grunnvatns), leiðni og styrkur mengunarvalda.

Samkvæmt vatnaáætlun<sup>1</sup> er vatnshlotið Rosmhvalanes 2 í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand. Samkvæmt aðgerðaáætlun vatnaáætlunar<sup>2</sup> er tveimur aðgerðum sérstaklega beint að grunnvatnshlotinu Rosmhvalanes 2 vegna þeirrar hættuflokkunar sem það vatnshlot hefur fengið samkvæmt álagsgreiningu.

Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að fráveitulögn frá flugvallarsvæði Isavia sé í innan 1 km svæðis við eyðingasvæðið, næst um 250 metra. Ekki kemur fram hvort að haft hafi verið samráð við Isavia en telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að gera slíkt vegna nálægðar og metið hvort að mögulegt sé að starfsemin geti valdið skemmdum á fráveitulögninni.

<sup>1</sup> Umhverfisstofnun 2022. [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#).

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun 2022. [Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022-2027](#).

Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að við eyðinguna falli til sprengjuefnaleifar sem eru of smáar til að tína upp og geti safnast upp á svæðinu og þá sé nokkur mengunarhætta af sprengiefni sérstaklega þeim sem gerð eru fyrir hernað (tólúen). Einnig kemur fram að grunnvatn á svæðinu sé talið mjög viðkvæmt fyrir mengun en þó vegna lektar megi gera ráð fyrir umtalsverðri þynningu í grunnvatni.

Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 er þegar undir miklu álagi vegna ýmiskonar iðnaðar og atvinnustarfsemi á svæðinu og samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er ekki hægt að leyfa framkvæmdir sem geta orðið til þess að vatnshlot nái ekki umhverfismarkmiðum sínum.

Mikilvægi sprengjueyðingasvæðis er mikið en um leið verður að tryggja að það valdi ekki neikvæðum áhrifum á vatn og umhverfi. Umhverfisstofun leggur því til að starfsleyfishafi geri grunnástandsmælingu á jarðveginum fyrir notkun í samræmi við reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Vöktun á jarðvegi undir sprengjusvæðinu fari síðan fram með reglulegum hætti til að fylgjast með mögulegri uppsöfnun á mengandi efnum. Ef efni finnast yfir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar verði gripið til ráðstafana til að tryggja að mengunin berist ekki í grunnvatnið.

Þegar og ef hætt verði notkun á svæðinu verði einnig tryggt að sandurinn og önnur efni verði fjarlægð og færð til förgunar með viðeigandi hætti.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Halla Einarsdóttir

***Teymisstjóri***

Ríkey Kjartansdóttir

***Sérfræðingur***



Skipulagsstofnun  
Bt. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Dags. 21. mars 2023  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0074

[Skipulag@skipulag.is](mailto:Skipulag@skipulag.is) og [Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is](mailto:Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is)

Með erindi dags. 2. mars sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Veðurstofan bendir á að tillaga að nýju svæði er ofan við grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) sem er grunnvatnshlot sem metið er í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum sínum samkvæmt álagsgreiningu. Í vatnaáætlun kemur fram að núverandi ástand stafar af margskonar athafnastarfsemi sem verið hefur á svæðinu í áratugi. Jafnframt kemur fram að settar hafa verið aðgerðir sem snúa að því að greina þá mengun sem er til staðar, útfæra vöktun og mögulegar ráðstafanir í kjölfarið.

Samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerðum þar að lútandi skal allt vatn ná góðu ástandi. Gera þarf ráðstafanir til þess að bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi með viðeigandi aðgerðum og ráðstöfunum. Út frá þessu er ljóst að ekki er ásættanlegt að auka álag á vatnshlot og gera þarf viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun eða annað álag.

Í skýrslunni kemur fram að við sprengjueyðingu falla til leifar sprengiefnanna, og þar er TNT mest áberandi, sem getur safnast fyrir á yfirborði, mengað jarðveg og síðar grunnvatn. Jarðvegsþykkt á svæðinu er lítil og berggrunnur gegndræpur, og þar af leiðandi er grunnvatn á svæðinu talið mjög viðkvæmt fyrir mengun.

Skýrslan gefur hins vegar afar takmarkaðar upplýsingar um önnur möguleg mengandi efni sem losna við eyðingu eða sprengjuæfingar. Mikilvægt er að fram komi um hvaða efni er um að ræða og líklegan styrk viðkomandi efna í sprengjum eða þeim búnaði sem er notaður til æfinga. Ekki kemur heldur fram hver er væntanleg tíðni sprengjueyðinga og æfingum per atburð og á årsgrundvelli miðað við reynslu fyrri ára. TNT er eiturefni með þekktar alvarlegar afleiðingar á t.d. lifur og ónæmiskerfi. Mikilvægt er að hafa þarf í huga að grunnvatn á svæðinu er notað til neyslu á nokkrum bæjum í nágrenni fyrirhugaðs sprengjueyðis þar sem að þynning mögulegrar mengunar var talin orðin ásættanleg. Líklegt er að aukin mengun nær þeim bæjum, miðað við núverandi tillögu, gæti haft áhrif á nýting grunnvatns á svæðinu.

Í skýrslunni kemur ekki fram hvort gera eigi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir dreifingu efnanna og þannig lágmarka líkur á því að efnin berist í grunnvatn og lífríki svæðisins. Veðurstofan telur eðlilegt að unnið verði að slíkum ráðstöfunum.

Veðurstofan leggur áherslu á að Umhverfisstofnun fer með stjórnsýslu laga um stjórn vatnamála sem og áætlanir er lúta að bættu ástandi vatnshlota. Framkvæmdir sem þessar þurfa að vera í samræmi við fyrirbyggjandi ráðstafanir.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason  
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Skipulagsstofnun  
B.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjanesbæ, 26. apríl 2023

**Efni: Umsögn Kadeco er varðar sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar.**

Kadeco, Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, hefur fengið til yfirferðar fyrirspurn um matsskyldu á sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar vestan Keflavíkurflugvallar frá febrúar 2023.

Kadeco fagnar þessum fyrirætlunum og að sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar verði flutt vestur fyrir Keflavíkurflugvöll, en með því færast starfsemin af núverandi vatnsverndarsvæði, og fjær núverandi íbúðabyggð á Ásbrú þar sem er fyrirhuguð töluverð uppbygging og fjölgun íbúa á næstu árum.

Kadeco telur matsfyrirspurnina gera nægilega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun og að hún fari ekki í sérstakt umhverfismat. Kadeco vill þó koma þeirri ábendingu á framfæri að framkvæmdaaðili gangi frá eldra sprengjueyðingarsvæði með tilhlýðilegum hætti, jafni út eldri sprengigíga og gangi þannig frá svæðinu að sómi sé að.

Virðingarfyllst,  
f.h. Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.  
Samúel Torfi Pétursson, þróunarstjóri

## SPRENGJUEYÐINGARSVÆÐI LANDHELGISGÆSLUNNAR VESTAN KEFLAVÍKURFLUGVALLAR

### Fyrirspurn um matsskyldu - Mat á umhverfisáhrifum

---

#### UMSÖGN

Hafnarfjörður, dags 18. apríl 2023

Vísað er til tölvupósts Jóns Smára Jónssonar fh. Skipulagsstofnunar til Isavia, dags. 2. mars 2023 þar sem kemur fram að Landhelgisgæsla Íslands hefur sent Skipulagsstofnun tilkynningu um fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar (LHG) vestan Keflavíkurflugvallar skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað er eftir í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 að Isavia gefi umsögn um ofangreinda framkvæmd. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Í útdrætti skýrslu fyrirspurnar um matsskyldu kemur fram að Sprengjusveit LHG sinnir m.a. því lögbundna hlutverki að gera óvirkar og eyða sprengjum. Staðsetning núverandi sprengjueyðingarsvæðis LHG við Stapafellsveg í Reykjanesbæ er óhentugt einkum vegna legu innan vatnsverndarsvæðis Reykjanesbæjar. Af þeim sökum áformar LHG að færa starfsemina og afmarka undir hana nýtt sprengjueyðingarsvæði vestan öryggissvæðis Keflavíkurflugvallar í Suðurnesjabæ. Markmið framkvæmdar er að skapa LHG aðstöðu til að sinna lögbundnu hlutverki sínu og jafnframt að lágmarka umhverfisáhrif rekstursins. Framkvæmdasvæðið tekur til um 2 ha svæðis undir aðkomuveg og land undir sprengjueyðingu. Engin mannvirki eða vegir eru innan 1 km viðmiðunarmarka að frátöldum mannvirkum á Keflavíkurflugvelli, þ.e. á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar og frárennislögn frá flugstöðvarsvæðinu. Framkvæmdin fellur undir lið „11.10. Stöðvar til að endurvinnna sprengiefni eða eyða því.“ í 1. viðauka laga nr. 111/2021, og er skv. því tilkynningarskyld (flokkur B). Samráð hefur m.a. verið haft við Suðurnesjabæ, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Reykjanesbæ og Kadeco Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar. Neikvæð umhverfisáhrif á framkvæmdatíma eru óveruleg hvað varðar landfræðilegt umfang, staðsetningu, eðli og eiginleika áhrifa. Áhrif út fyrir framkvæmdasvæði varða einkum hljóðmengun og mögulega efnamengun grunnvatns og jarðgrunns á rekstrartíma. Dreigið verður úr áhrifum hljóðmengunar með strangri aðgangsstýringu, notkun merkjafána og uppskiptingu sprengiefnis fyrir eyðingu. Vegna mögulegrar efnamengunar verður svæðið hreinsað eftir hverja notkun. Því er niðurstaða LHG að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum

## Umsögn Isavia

Að mati Isavia þá er fyrirhuguð staðsetning fyrir sprengjueyðingu mjög nærri flugvallarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli sem eykur áhættu á truflun á almennum rekstri flugvallarins, ímynd og ekki síst hættu á því að öryggisbúnaður bili eða tjónist vegna hristings. Fyrirhuguð staðsetning er þannig mjög óheppileg og samræmist illa að að nýtt fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði sé svo nærri starfsemi alþjóðarflugvallar og þeirrar starfsemi sem þar er sem og framtíðarskipulagi flugvallarins. Ekki er fjallað um í skýrslu hvort tekið hafi verið tillit til framtíðaruppbyggingar Keflavíkurlugvallar skv. Þróunaráætlun Isavia. Verði þessi staðsetning samþykkt þá þarf að taka tillit til uppbyggingar nýrrar þriðju flugbrautar í framtíðinni og væntanlegra aðflugs- og brottflugsferla í kringum hana.

Einnig þá er á flugvellingum viðkvæmur flugleiðsögubúnaður fyrir nákvæmnisaðflug á öllum brautarendum. Þessi búnaður er viðkvæmur fyrir hristingi þannig að oft þarf lítið til að merki hans truflist, sem getur truflað loftför í aðflugi. Óheppilegt er því að staðsetja sprengjueyðingarsvæði í nálægð við slíkan búnað.

Varðandi aðkomuveg að svæði og fyrirhugað nýtt hlið þá kemur ekki fram hvort um sé að ræða hlið sem verður ítrekað í notkun, né hvernig aðgangsstýringu verður háttað (verður eingöngu LHG með aðgengi og hverjar eru kröfurnar um aðkomu flugverndareftirlits) og mætti fjalla betur um aðgengismálin í skýrslunni og t.a.m. ef sprengjueyðingarsvæðið verður ekki hluti af öryggissvæði LHG þá ættu sömu reglur að gilda um aðgangsstýringu og t.d. er um hlið 22, þ.e. aðgangsstýring þegar komið er til baka. Þarna mun eiga sér stað aðgangsstýring og verið að opna á milli haftasvæða þannig að starfsfólk sem sinnir þessu þarf að hafa viðeigandi flugverndarþjálfun.

Vert er að benda á svæði Apron Juliett (Dangerous Cargo Pad) þar sem fyrirhugað er að beina loftförum t.d. þegar um að ræða sprengihótun frá því að það lendir inn á svæði Apron Juliett sem er ekki langt frá fyrirhuguðu sprengjueyðingarsvæði innan öryggissvæðis B, svæði LHG. Ekki er hægt að sjá í gögnum um skipulag svæðisins að gert sé ráð fyrir vegi frá Apron Juliett yfir á fyrirhugað sprengjueyðingarsvæði. Það þýðir að aka þarf með sprengju til eyðingar í gegnum flugvallarsvæði Isavia og að hluta til öryggissvæðis Landhelgisgæslunnar til þess að komast að fyrirhuguðu sprengjueyðingarsvæði. Liggja þarf skýrt fyrir hver notkunin á að vera á svæðinu, hvort um er að ræða sprengjueyðingarsvæði fyrir sprengjur utan frá eða einnig af flugvallarsvæðinu.

Varðandi möguleg mengunaráhrif á jarðveg og grunnvatn þá er talað um að framkvæmdin og starfsemin sé líklegt til að hafa nokkur áhrif í för með sér en ekkert farið mikið dýpra í það nema varðandi hreinsun og vöktun leifa af sprengjuefni. Þyrfti að skoða þennan þátt miklu betur m.t.t. umfang starfseminnar og frekari mótvægisáðgerða. Síðast en ekki síst þá liggur steyppt fráveitulögn Isavia frá flugvallarsvæðinu að hreinsistöð við Djúpuvík áður en því er veitt út í sjó. Þar sem lögnin liggur næst fyrirhuguðu sprengjueyðingarsvæði eru einungis rétt rúmlega 200 metra. Ekkert er fjallað um lögnina í skýrslunni né möguleg áhrif á hana. Bæta þarf úr því og hefur Isavia miklar áhyggjur af áhrifum mögulegrar sprengjueyðingar á lögnina, ef úr verður.

### **Niðurstaða**

Að mati Isavia þá er fyrirhuguð staðsetning ekki góð sem nýtt sprengjueyðingarsvæði LHG m.t.t. áhættu á truflunum, ímynd og öryggi fyrir rekstur alþjóðaflugvallar. Auk þess er óvarlega gert grein fyrir mögulegum mengunaráhrifum jarðvegs af svæðinu, jafnframt sem svæðið yrði allt of nálægt fráveitulögn Isavia með tilheyrandi hættu á að lögnin geti gefið sig og skemmst.

Isavia telur að starfseminni væri best fundinn staður annars staðar lengra frá flugvallarsvæðinu, en ef áframhald verður á verkefninu þá ætti fyrirhuguð starfsemi/ verkefni að fara í umhverfismat með vísan til 1. og 2.gr. í viðauka 2 í lögum um Umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 um staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar sökum landnotkunar sem fyrir er, 2.gr., vegna mikillar nálægðar fyrirhugaðs svæðisins við alþjóðaflugvöll, auk, 1.gr., vegna mengunar og ónæðis í nálægð alþjóðaflugvallar.

### **Björn Edvardsson**

Skipulagsfulltrúi / Planning

Skipulagsdeild KEF / Airport district planning Keflavik Airport

## RE Umsögn um matskyldufyrirspurn- Sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar

**Til** : Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>  
**Frá** : Halla Einarsdóttir - UST <halla.einarsdottir@umhverfisstofnun.is>  
**CC** : Carl Andreas Fossick Ströberg - UST <carl.andreas.fossick.stroberg@umhverfisstofnun.is>; Ríkey Kjartansdóttir - UST <rikey.kjartansdottir@umhverfisstofnun.is>; Sverrir Aðalsteinn Jónsson - UST <sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is>  
**Heiti** : RE Umsögn um matskyldufyrirspurn- Sprengjueyðingarsvæði Landhelgisgæslunnar  
**Málsnúmer** : 202303004  
**Málsaðili** : Landhelgisgæsla Íslands  
**Skráð dags** : 05.01.2024 00:00:00  
**Höfundur** : Halla Einarsdóttir - UST  
**Viðhengi** [image005.png](#)  
[image003.png](#)  
[image002.png](#)  
[image001.jpg](#)

Sæll,

Þessi skýrsla er gagnleg viðbót. Það eru nokkur atriði sem við viljum þó benda á að þarf að huga vel að.

Það er mikilvægt að vandað verði til verka og tryggt verði að grunnvatnshlotið verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum en það er nú þegar metið í hættu vegna efnafræðilegs ástands þess.

Fjallað er um að mengun á svæðinu m.t.t. neysluvatnsreglugerðar. Í því samhengi er rétt að benda á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. **797/1999** um varnir gegn mengun grunnvatns sem og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota. Í kafla 2.3.4. viðauka 2 í reglugerðar nr. 535/2011 er útskýrt, hvernig á að fastsetja viðmiðunargildi og bakgrunnsgildi í grunnvatni samkvæmt lögum um stjórn vatnamála er. Þar eru einnig viðmiðunargildi fyrir efni í grunnvatni.

Fram kemur að það sé óvissa um getu moldarinnar til að halda í spilliefnin og því er brýnt er að vanda vel til vöktunar og að hún sé gerð með nægilegri tíðni til að meta hæfileg útskipti á henni og sandinum og að koma í veg fyrir að mengunin berist í umhverfið þ.m.t. í grunnvatnið. Mikilvægt er að vöktun taki til þeirra mengandi efna sem verið er að meðhöndla og m.t.t. framangreindra reglugerða sem og reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og laga nr 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Vanda þarf matið á því hvort sprengiefnaúrgangurinn losi þau efni sem tilgreind eru í ofangreindum reglugerðum.

**Bestu kveðjur, Best regards**

Halla Einarsdóttir

Teymisstjóri/Team leader

Svið umhverfisgæða, Department of [Environmental](#) Quality

